

**106. fundur
fræðslunefndar
haldinn í fundarsal á 3. hæð,
Miðvikudaginn 28. apríl 2010. og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Björn Sverrisson formaður, Katrín Pálsdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Inga Eypórsdóttir, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ólöf Edda Steinarsdóttir og Edda Baldursdóttir, fundarritari.

Fundargerð ritaði: Edda Baldursdóttir.

Dagskrá:

1. Skýrslur skólastjóra
2. Skólastefna Stykkishólms
3. Önnur mál

- Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum (28.04.2010)

1. Aprílþing:

2. **Eineltisáætlun GSS:** Gunnar skólastjóri lagði til að breyta ætti áherslum sem taka á á eineltismálum og hefur hann því skipulagt eitt eineltisteymi með nokkrum starfsmönnum skólans og munu þau funda fyrsta og þriðja hvern miðvikudag hvers mánaðar. Einnig kynnti Gunnar bækinga sem hann hefur verið að vinna að með kennurum skólans og munu þeir verða dreyfði til foreldra á næsta foreldrafundi.
3. **Skólaráð GSS:** Búið er að halda tvo af þrem fundum skólaráðs, sá þriðji mun væntanlega vera í maí.
4. **Uppeldi til ábyrgðar:** Opin fundur verður í grunnskólanum kl. 15:00 fimmtudaginn 6. maí með Guðlaugu Erlu verkefnastjóra uppeldi til ábyrgðar.
5. **Önnur mál:** Sigurborg Sturludóttir ásamt nemendum hafa verið að vinna á fullu við verkefni um umhverfismál.

- Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum (28.04.2010)

1. Starfsdagur var 6. apríl, þá var undirbúið vegna sýningar og svo var starfsmannafundur og deildarfundir.
2. Vetrarstarfi okkar fer að ljúka og endar það með opnu húsi og sýningu á verkum barnanna föstudaginn 7. maí frá kl 14 – 16. Allir velkomnir.

3. Mikið hefur verið unnið að umhverfismálum í vetur og hafa börnin verið mjög virk í þeirri vinnu. Við stefnum að því að sækja um grænfánann aftur í haust.
4. Sumarleyfi leikskólans verður frá og með 5. júlí til 6. ágúst við opnum aftur 9. ágúst. Nokkrir foreldra hafa notfært sér að sækja um lengra sumarfrí og eru tvö börn að fara í sumarfrí 1. maí.
5. 13 börn eru að útskrifast frá okkur í vor og er útskrift elstu barna 26. maí. Hin hefðbundna skólastundarferð verður farin 19. maí.
6. Heimsók frá sálfræðingi hefur verið regluleg og von er á heimsókn frá talmeintræðingi fljótlega.
7. Starfsmenn frá öðrum leikskólum hafa verið að koma í heimsókn undanfarið og hafa starfsmenn og börn í leikskólanum haft gaman af þeim heimsóknum.

1. Önnur mál

Skólasefna Stykkishólmsbæjar lögð fram, nefndarmenn Fræðslunefndar skoða stefnuna og svo mun hún verða birt á heimasíðu Stykkishólmsbæjar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl.18:30